



# Ársskýrsla Siðmenntar

2023





© Siðmennt, félag siðrænna  
húmanista á Íslandi  
Laugarvegur 178  
105 Reykjavík

533-5550  
sidmennt.is

Ábyrgð: Eyjólfur Örn Snjólfsson  
Ljósmyndir: Pavel Storozhuk, Haraldur Jónasson, Helga  
Dögg Reynisdóttir  
Umbrot: Inga Auðbjörg K. Straumland



# Efnisyfirlit

Ávarp formanns	5
Ávarp framkvæmdastjóra	6
Innra starf	8
Athafnaþjónusta	11
Borgaraleg ferling	15
Alþjóðastarf og viðburðir	19
Baráttan fyrir veraldlegu samfélagi	25
Fjármál og ársreikningar	29





Humanists  
INTERNATIONAL

Humanists  
INTERNATIONAL  
2023 General Assembly  
Inga Aurbjörg  
Krištjánsdóttir  
Straumland  
Humanists Iceland

Humanists  
INTERNATIONAL

Humanists  
INTERNATIONAL  
2023 General Assembly  
Christian  
Lomsdalen  
Norwegian Humanist  
Association



# Heljarþröm heimsins

Inga Auðbjörg K. Straumland  
formaður

Það er stundum erfitt að anda þessa dagana. Heimurinn er á einhverri heljarþröm. Gaza skal útrýmt. Úkraína skal hernumin. Hinsegin fólki skal ýtt aftur inn í skápinn, jafnvel í samfélögum sem hafa tekið því meira og minna opnum örmum síðustu árin. Og oft hef ég misst vonina. Hvað get ég, bara lítil manneskja á skeri í hafrótinu, gert til að hjálpa til? Ekkert? En svo sjáum við hvernig einstaklingar—bara venjulegt fólk—getur sýnt ótrúlegan húmanisma í verki og skipt sköpum. Þetta hefur sjaldan verið skýrara en þegar aðgerðarhópur kvenna fór og sótti fólkið á Gaza. Fólk sem sannarlega hafði fengið dvalarleyfi á Íslandi, en íslensk yfirvöld töldu of flókið og kostnaðarsamt að sækja. Nokkrar konur einfaldlega brettu upp ermarnar og byrjuðu að greiða úr flækjunni. Hvernig borðar maður fíl? Bara einn munnbita í einu.

Við erum öll þess megnuð að hafa áhrif. Litlar ákvarðanir einstaklinga geta haft mikil áhrif. Ein grein í blöðin fyrir 35 árum, skrifuð af bandarískum innflytjenda sem hugnaðist ekki kristileg ferming, hefur nú orðið að blómstrandi lífsskoðunarfélagi með rétt tæplega 6000 félaga á skrá. Tja. Ein grein og þrotlaus vinna ótal sjálfboðaliða sem hafa byggt upp þetta félag. Nú þjónustar félagið þúsundir einstaklinga á hverju ári; ástfangin pör, ungabörn og fjölskyldur þeirra, unglinga og fjölskyldur þeirra, aðstandendur látinna húmanista. Það má leiða líkur að því að Siðmennt snerti líf tugþúsunda einstaklinga á ári hverju, sem koma sem gestir í einhverja af æðimörgum athöfnum í nafni félagsins. Á þessum þremur og hálfu áratug hefur félagið áorkað mörgu. Tekist að fá landslögum breytt, þannig að félagið teldist fullgilt lífsskoðunarfélag. Farið frá því að vera litla systkinið sem þiggur hjálp á alþjóðavísu, í að vera félag í forystu innan alþjóðasamtaka. Verið hagsmunaafl fyrir húmanista, veitt húmaníska þjónustu, og farið frá því að vera hálfgerð styggðaryrði, í að vera félagsskapur sem flestum Íslendingum er að einhverju leyti kunnur.

Þetta allt er þökk sé fólkinu sem á undan kemur. Harðduglegir formenn, sjálfboðaliðar, stjórnarfolk, athafnastjórar, leiðbeinendur í fermingarfræðslu, félagsfolk, starfsfolk og stuðningsfolk. Það eru ótal vinnustundir sem liggja að baki þessari velgengni. Hún gerist ekki að sjálfu sér. Velgengnin skrifast á hverja athöfn sem athafnarstjóri leggur alúð í og fer fram úr væntingum þjónustuþeganna og aðstandenda þeirra. Velgengnin skrifast á hvert fermingarbarn sem kemur heim úr fermingarfræðslu, með fleiri spurningar og fleiri svör, og flóknari hugmyndir um heiminn. Velgengnin skrifast á alla klukkutímana sem stjórnarfolk hefur ígrundað ákvarðanir, sem starfsfolk hefur snurfusað verklag og fólk gefið vinnu sína, og sinnt félaginu af ástríðu. Og fyrir allt þetta fólk er ég þakklát. Það þarf ekki að vera að þau telji mig vera það, en ég er það. Takk öll. Án ykkar væri félagið ekkert. Megi það blómstra um alla tíð.







Ávarp framkvæmdastjóra

## Tíu ár sem skráð lífsskoðunarfélag

Eyjólfur Örn Snjólfsson  
framkvæmdastjóri

Þriðji maí 2013 var og mun ávallt vera ein af mikilvægustu dagsetningum í sögu Siðmenntar en þann dag voru innleidd lög sem að gerðu lífsskoðunarfélögum kleift að fá hlutdeild í sóknargjöldum og gerðu athafnastjórum á þeirra vegum kleift að hafa vígsluréttindi. Þegar ljóst var í hvað stefndi var blásið til veglegrar fagnaðarhátíðar hjá félaginu í veislusal Grand hótels sem haldin var 10. maí. Við það tilefni flutti Hope Knútsson, þáverandi formaður Siðmenntar og einn af stofnendum Siðmenntar, ræðu þar þessum tímamótum var ákaft fagnað og ítrekað að félagið myndi áfram berjast fyrir umburðarlyndi, jafnrétti og trúfrelsi.



Framlag Hope til uppbyggingar Siðmenntar verður seint ofmetið. Hún stóð að fyrstu borgaralegu fermingarathöfninni á Íslandi árið 1989 sem var upphafið af félaginu. Hún var jafnframt einn helsti hvatamaður að því að hleypa félaginu af stokkunum árið 1990. Að auki hefur Hope gefið mikið af sér til íslensks samfélags, frá því hún flutti til landsins 1974. Á þessu ári fagnaði Hope 80 ára afmæli sínu og var sem svo oft áður í lykilhlutverki hjá félaginu, í þetta skiptið sem varamaður í stjórn. Vill félagið þakka Hope hjartanlega fyrir allt hennar frábæra starf í þágu félagsins.

Það að Siðmennt gat fengið hlut í sóknargjöldum hefur gjörbreytt rekstrargrundvelli félagsins og eru sóknargjöldin ein mikilvægasta tekjustöð Siðmenntar, sem hefur stöðugt stækkað síðasta áratuginn, og eru gjöldin nú komin í rúmlega 6 milljón kr. á mánuði. Stærstur hluti þessara tekna fer í að halda skrifstofunni uppi en þar er haldið utan um athafnir fyrir fjölskyldur á tímamótum í lífi þeirra, fermingarfræðslu, hópfermingarathafnir, aðra viðburði, markaðsmál, innleiðingu verklagsreglna og samvinnu við systurfélög Siðmenntar úti í hinum stóra heimi.

Rekstur Siðmenntar stendur traustum fótum en óráðstafað eigið fé í lok árs var 13,4 milljónir og hagnaður ársins 7,8 milljónir sem verður að teljast gott. Kostnaðarsömustu verkefni ársins, að hefðbundinni starfsemi undanskilinni, voru heimsráðstefnan í Kaupmannahöfn (2,5 milljón isk), flutningur pósthjóns (580 þúsund isk) og aðkeypt aðstoð vegna innleiðingu persónuverndar (620 þúsund isk). Stærstu fyrirjáanlegu verkefni komandi árs eru markaðsherferð fyrir borgaralegar fermingar, norrænn samstarfsfundur á Íslandi í maí og athafnastjórnun í haust.

Þegar félagið Siðmennt er nefnt á nafn á förnnum vegi eru borgaralegar fermingar það sem ber fyrst á góma hjá einstaklingum sem að þekkja félagið ekki mjög vel. Vissulega má með sannri segja að glæsilegar og nútímalegar fermingarathafnirnar séu flaggskip Siðmenntar en ekki er síður merkilegt hið góða starf sem athafnastjórnir vinna af hendi. Í krafti lagabreytingarinnar 2013 sjá þau um að gefa saman, í löglegt og húmanískt hjónaband, fjölbreytt þör um allt land. Giftingarathafnirnar eru langflestar en jafnt og þétt eykst einnig fjöldi annarra athafna, þ.e. nafngjafa, einkaferminga og útfara.

Margt annað var brasað á árinu 2023. Siðmenntarþing, aðalfundur og árshátíð voru haldin í mars. Níu þör voru gefin saman á Hoppað í Hnappheldunni sem í fyrsta skiptið fór fram í Tjarnarsal Ráðhússins og í ágúst fóru 20 Íslendingar í víking undir merkjum Siðmenntar á heimsþing húmanista sem haldið var í Kaupmannahöfn. Þetta var fyrsta heimsþing húmanista í nær áratug, en síðasta þing fór fram í Oxford 2014. Að þessu sinni stóðu Norðurlöndin, ásamt Íslandi, fyrir heimsþinginu þar sem ýmist var hlustað á erindi eða tekið þátt í vinnustofum auk þess sem við áttum okkar fulltrúa í hópi ræðumanna og vinnustofustýringar. Í september bauð félagið ráðamönnum landsins í þingsetningarathöfn og í lok árs var bæði haldinn viðburðurinn Efast á kránni og vetarsólstöðuhátíð við góðar undirtektir.

Hvað viðvíkur rekstri og skrifstofumálum þá var þetta ár mikilla breytinga. Sigþrúður, Heiðrún Arna, Tinna og Kolbrún Ósk létu allar af störfum og vill félagið þakka þeim sérstaklega fyrir vel unnin störf. Þeirra verður sárt saknað. Maður kemur í manns stað eins og sagt er og hóf undirritaður störf sem framkvæmdastjóri í maí. Guðrún Þóra settist í hlutverk verkefnastýru athafnaþjónustu um miðja júlí og Jóna María var ráðin í stöðu verkefnastýru borgaralegrar fermingar um áramótin. Markmið ársins 2024 er að halda áfram að straumlínulaga reksturinn með fagmennsku að leiðarljósi og byggja upp og auka enn frekar þjónustuframboð félagsins. Að lokum er ástæða til að þakka öllu því góða fólki sem leggur hönd á plóg fyrir þeirra framlag sem verður seint fullþakkað og er þar um að ræða athafnastjóra, leiðbeinendur í fermingarfræðslu sem og alla þá frábæru sjálfboðaliða sem svara kallinu þegar eftir þeim er óskað. Eitt er víst, að framtíð Siðmenntar er björt og félaginu flestir vegir færir í komandi framtíð.



# Innra starf



## Starfsfólk

Fyrir utan fasta starfsmenn á skrifstofu starfar töluverður fjöldi verktaka fyrir félagið, sem athafnasjóra og leiðbeinendur við fermingarfræðslu, eða um 70 einstaklingar alls.

### Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri stýrir daglegu starfi félagsins, fer með rekstur og mannauðsmál, svarar fyrirspurnum og sér um að framfylgja samþykktum stjórnar. Framkvæmdastýra Siðmenntar fyrri hluta árs var Sigbrúður Guðmundsdóttir sem lauk störfum í apríl 2023. Við starfi framkvæmdastjóra tók Eyjólfur Örn Snjólfsson.

### Verkefnastjóri borgaralegra ferminga

Verkefnastýra borgaralegra ferminga sinnir allri skipulagningu og umsýslu vegna fermingarfræðslu og athafna. Jafnframt sér hún um öll samskipti og upplýsingagjöf við foreldra og leiðbeinendur. Heiðrún Arna Friðriksdóttir hóf störf árið 2019 og var verkefnastýra borgaralegra ferminga til fyrri hluta árs 2023. Kolbrún Ósk Pétursdóttir gegndi starfi verkefnastjóra fræðslumála, og tók við verkefnastjórnun ferminga við starfslok Heiðrúnar.

### Verkefnastjóri athafnaþjónustu

Verkefnastýra athafnaþjónustu hefur yfirumsjón með utanumhald athafnaþjónustu annarrar en hópferminga. Jafnframt sér hún um samskipti við þjónustubega athafnaþjónustu, markaðssetningu athafnaþjónustu og þjálfun athafnastjóra. Hún situr í athafnaráði Siðmenntar og sinnir öðrum tilfallandi verkefnum. Fyrri helming ársins gegndi Tinna Jóhannsdóttir hlutverkinu, en hún var ráðin um vorið 2022. Guðrún Þóra Arnardóttir tók við keflinu í júlí 2023. Guðrún Þóra stökk beint út í djúpu laugina með þátttöku á heimsþingi Húmanista í Kaupmannahöfn í byrjun ágúst þar sem hún hitti og vann með stjórn, starfsfólki og athafnastjórum Siðmenntar ásamt því að kynna húmanistum frá öðrum félögum heimsins.

*Mörður Árnason, stjórnarmaður,  
leggur orð í belg á heimspingi  
Húmanista í Kaupmannahöfn.*

## Skrifstofurekstur

Félagið hefur frá hausti 2022 haft aðsetur á 2. hæð á Laugavegi 178. Félagið á ekki eigið húsnæði og leigir því skrifstofuhúsnæði og aðra aðstöðu. Fyrir utan að hýsa skrifstofu félagsins þá er hún endrum og sinnum notuð fyrir hjónavígslur, fundahalda og einstaka sinnum tækifærisviðburði eins og vísindaferðir húmanískt þenkjandi háskólanema.

## Stjórn Siðmenntar

Stjórn Siðmenntar fer með æðsta vald í félaginu á milli aðalfunda. Stjórnin hittist að jafnaði einu sinni í mánuði og fundaði níu sinnum á formlegum fundum árið 2023. Fundargerðir stjórnar eru birtar á vef félagsins.

### 2023-2024

#### Aðalstjórn

Inga Auðbjörg K. Straumland  
Arnar Snæberg Jónsson  
Kristín Sævarsdóttir  
Kristín Helga Schiöth  
Sigurður Rúnarsson

#### Varafulltrúar

Hope Knútsson  
Helga Bára Bragadóttir  
Mörður Árnason  
Guðni Rúnar Jónasson

### 2022-2023

#### Aðalstjórn

Inga Auðbjörg K. Straumland  
Sveinn Atli Gunnarsson  
Kristín Sævarsdóttir  
Sigurður Rúnarsson  
Kristín Helga Schiöth


#### Varafulltrúar

Guðjón Sigurbjartsson  
Hope Knútsson  
Mörður Árnason  
Stefán Rafn Sigurbjörnsson





## Þróun félagafjölda frá 2014



Myndin sýnir fjölda félaga árin 2014–2024. Félagið hefur vaxið mjög ört síðan það fékk skráningu sem lífsskoðunarfélag.

## Fjöldi félaga

Skráðir félagar í Siðmennt í Þjóðskrá voru 5.353 þann 1. desember 2022 en ári síðar höfðu rúmlega 440 félagar bæst í hópinn, sem taldi 5.790 í desemberbyrjun árið 2023. Rétt eins og árin á undan var Siðmennt í mestri sókn meðal stærri lífsskoðunarfélaga.

Frá því að félagið fékk opinbera skráningu sem lífsskoðunarfélag vorið 2013 hefur fjöldi félaga rúmlega nítjánfaldast, en félagar voru um 300 talsins við lögformlega skráningu félagsins. Við skrifum þessa fjölgun ekki síst á fagmennsku erindrekanna okkar; athafnastjóra og fermingarleiðbeinenda, sem á gleði- og sorgarstundum í lífi fólks halda uppi nafni og hugsjón Siðmenntar um allt land.

## Ráð og nefndir

### Athafnaráð

Hlutverk athafnaráðs er að móta athafnaþjónustu félagsins, meta þörf á þjálfun og stuðla að auknum gæðum.

### Athafnaráð 2022-2024

Arnar Snæberg Jónsson, formaður  
Anna Brynja Baldursdóttir  
Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson  
Margrét Gauja Magnúsdóttir  
Ragnar Ísleifur Bragason

## Aðalfundur

Aðalfundur Siðmenntar 2023 var haldinn laugardaginn 18. mars frá kl.15:00 í sal Bláðamannafélags Íslands, Síðumúla 26. Sama dag var haldið Siðmenntarþing og lauk deginum með árshátíð.





Siðmennt

# Athafnaþjónusta





Siðmennt



# Athafna- þjónusta

## Almennt

Þegar samkomutakmörknum var aflétt snemma vors 2022 kom mikill kippur í athafnabókanir og hélst sá vöxtur út árið 2022. Athafnahalinn var unninn upp og árið 2023 komst jafnvægi á bókanir og eðlilegar árstíðarbundnar sveiflur mynduðust. Í heildina voru athafnir ársins 54 færri en árið á undan. Athygli vekur þó að hjónavígslum útlenskra para fjölgaði.

## Athafnastjórar

Í lok árs voru 52 athafnastjórar með gild vígsluréttindi. Hluti þeirra er óvirkur af ýmsum ástæðum. Siðmennt sinnir athöfnum um allt land, en flestir athafnastjórana eru búsettir á suðvesturhorninu. Auk höfuðborgarsvæðisins hefur félagið á að skipa athafnastjórum í Sandgerði, Hvalfjarðarsveit, Borgarnesi, á Snæfellsnesi, Patreksfirði, Ísafirði, Dalvík, Akureyri; í Neskaupstað, á Höfn í Hornafirði og Rangárvöllum, Laugalandi í Holtum og Vestmannaeyjum.

## Hoppað í hnapphelduna

Þann 22. ágúst 2022 hélt Siðmennt í fyrsta sinn viðburðinn Hoppað í hnapphelduna þegar 24 pör giftu sig hvert á fætur öðru á 20 mínútna fresti. Ákveðið var að endurtaka leikinn og á alþjóðlegum degi húmanista þann 21. júní gengu níu pör í hnapphelduna í snarpri, merkingarþrunginni, hátíðlegri og síðast en ekki síst lögformlegri athöfn.

Athafnir voru bókaðar á 15 mínútna fresti, frá kl. 12 til kl. 14, og fóru fram í Tjarnarsalnum í Ráðhúsinu. Í boði var lifandi tónlist og pörum bauðst að velja sér lag sem leikið var sérstaklega fyrir þau í upphafi athafnar. Að athöfn lokinni bauðst pörunum að þiggja freyðivín eða -te og smella af sér mynd í myndakassa.

Allir athafnastjórar gátu verið með og fengið að launum virknieiningu, og skiptu tveir athafnastjórar, Arnar Snæberg Jónsson og Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, athöfnunum á milli sín. Þá sungu athafnastjórnir Inga Auðbjörg Straumland og Brynhildur Björnsdóttir fyrir brúðhjónin og gesti þeirra. Dagurinn heppnaðist með ágætum; hjónaefnin lýstu ánægju sinni og hnapphelduhoppið hlaut talsverða athygli í aðdragandanum og daginn sjálfan. Tekin hefur verið ákvörðun um að endurtaka leikinn 21. júní 2024.

103



nafngjafir

372



hjónavígslur

20



útfarir

743



fermingarþarn



## Svipmyndir af Hoppað í hnapphelduna Ráðhús Reykjavíkur





# Borgaraleg ferming





*Mars Proppé fangaði athygli  
fermingarbarna. Hún lagði þeim  
lífsreglurnar á sinn einstaka hátt.*

# Borgaraleg ferming

## Fermingarfræðsla

Siðmennt hefur boðið upp á borgaralegar fermingar í tæplega 35 ár eða allt frá vori 1989. Markmið borgaralegrar fermingar er að styrkja sjálfsmynd, metnað og uppbyggilegt hugarfar ungmennanna. Fermingarfræðslan miðast við að efla heilbrigð og farsæl viðhorf unglunga til lífsins og búa þeim sem dýrmætast veganesti til framtíðar. Ungmennin sækja ýmist 10 vikna námskeið, námskeið yfir tvær helgar, heila helgi með gistingu á Úlfjótuvatni, útivistarnámskeið eða listsköpunarnámskeið. Í öllum þessum námskeiðum er kafað í meginstoðir húmanískrar fermingarfræðslu sem eru; stofninn, sjálfið, samfélagið og samhengið. Allt eru þetta viðfangsefni sem ætlað er að dýpka þekkingu þeirra og skilning á ofantöldum atriðum.

Árið 2023 sóttu 743 börn fermingarfræðsluna sem fór fram í Reykjavík, Hafnarfirði, á Akureyri, í Reykjanesbæ, á Selfossi, Reyðarfirði og Akranesi, og er því ljóst að starfið nær nú víðsvegar um landið.







## Fjórar meginstoðir húmanískrar fermingarfræðslu



### Stofninn

Samband  
okkar við  
grundvöll  
tilverunnar



### Sjálfíð

Samband  
okkar við  
okkur sjálf



### Samfélagið

Samband  
okkar á  
milli



### Samhengið

Samband  
okkar við  
náttúruna og  
umheiminn

Einnig er í boði fjarnám fyrir börn sem búa erlendis eða geta ekki sótt staðnám og voru þau 28 talsins.

Töluverðar breytingar urðu í fermingarfræðslunni vorið 2022 þar sem í fyrsta sinn störfuðu hvorki kennslustjóri né kennsluráð. Þess í stað sáu umsjónarleiðbeinendur um hvern hóp og sérstakir fagleiðbeinendur kenndu hverja námskrárstoð fyrir sig. Námskráin var gerð haustið 2021 og innleidd í fræðsluna á vormánuðum 2022.

Þá voru einnig í fyrsta sinn í boði fjölbreyttar námsleiðir í fermingarfræðslunni, og efnt til nýjunga með listsköpunarnámskeiði, útvistarnámskeiði og fermingarbúðum á Úlfhljótsvatni. Í ár var haldið áfram með þetta fjölbreytta framboð og hafa vinsældir þessara óhefðbundinna námskeiða stöðugt aukist.

*Fermingarbörnin flytja gjarnan listræn atriði í fermingarathöfnum. Þetta fermingarbarn lék á fiðlu.*





## Athafnir árið 2023

### Fermingarathafnir

Árið 2022 fóru fram 17 athafnir á tíu stöðum víðsvegar um landið. Lágmarksfjöldi fermingarbarna í athöfn í heimabyggð eru þrjú börn, en félagið lítur á það sem mikilvægan lið í því að styrkja stöðu húmanista um allt land að þjónusta félagsfólk og fermingarbörn í sinni heimabyggð. Það er því alltaf ánægjulegt þegar nægilegur fjöldi fermingarbarna á stöðum eins og á Ísafirði, Hvammstanga, í Neskaupstað, Vestmannaeyjum og Borgarbyggð er nægur til að halda athöfn í héraði.

Bæjarfélag	Athafnarstaður	Dagsetning
Akranes	Tónberg	22. apríl
Akureyri	Hof	4. júní
Ísafjörður	Hamrar	3. júní
Neskaupstaður	Nesskóli	28. maí
Reykjanesbær	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	21. apríl
Reykjavík	Harpa	2. og 3. apríl
Reykjavík	Harpa	16. apríl
Reykjavík	Harpa	24. apríl
Selfoss	Fjölbrautaskóli Suðurlands	17. apríl
Vestmannaeyjar	Kiwanis-salurinn	2. apríl





# Alþjóðastarf og viðburðir



# Alþjóðastarf

## Erlent samstarf

### Stofnun evrópsks tengslanets

Tengslanetið EHSN, sem stendur fyrir The European Humanist Service Network, er verkefni í samvinnu 19 evrópskra húmanistafélaga sem var samþykkt á framkvæmdastjórafundi fyrrgreindra félaga þann 23. nóvember 2023. Markmiðið er að samræma og efla starf félaganna á þremur sviðum sem lúta að húmanískum athöfnum, húmanískri sáluhjálp og húmanískri ungmennakennslu. Framlag Siðmenntar verður fyrst og fremst í formi vinnuframlags.

### Tengslanet framkvæmdastjóra

Þann 23. nóvember var haldinn framkvæmdastjórafundur evrópskra húmanistasamtaka í Berlín og fundaði framkvæmdastjóri Siðmenntar með starfssystkinum sínum frá 18 öðrum samtökum. Helsta viðfangsefnið var að útnefna stýrihóp fyrir EHSN verkefnið en einnig bauð gestgjafinn, Humanistischer Verband Berlin-Brandenburg, upp á mjög fræðandi og upplýsandi skoðunarferð í nýjasta leikskólann á þeirra vegum sem starfar samkvæmt húmanískum gildum.

### Fagsamtök evrópskra húmanista

Árið 2022 var Ingu Auðbjörgu K. Straumland boðið að taka sæti

í stjórn European Humanist Professional, eða fagsamtökum evrópskra húmanista. Fagsamtökin skipuleggja þjálfun fyrir fólk sem vinnur á vettvangi húmanisma, svo sem athafnastjóra, kennara, fermingarfræðara, sálgæsluaðila eða starfsfólk húmanískra félagasamtaka. Hópurinn bauð upp á þjálfun fyrir faghúmanista í tengslum við Heimsþing húmanista. Stjórnin fundaði tvisvar á árinu, í Berlín og Antwerpen, auk þess að funda í tengslum við Heimsþingið.

## Erlendir viðburðir

### Heimsþing húmanista

Heimsþing húmanista var haldið í Kaupmannahöfn 4. - 6. ágúst. Þemað að þessu sinni var: “Building Better Democracies Through Humanist Values”. Þetta var fyrsta heimsþing húmanista í tæpan áratug, en síðasta þing fór fram í Oxford 2014.

Að þessu sinni stóðu Norðurlöndin, ásamt Íslandi, fyrir heimsþinginu. Í maí var haldinn undirbúningsfundur í Kaupmannahöfn og í ágúst fóru 20 Íslendingar í viking á ráðstefnuna undir merkjum Siðmenntar þar sem ýmist var hlustað á erindi eða tekið þátt í vinnustofum auk þess sem við áttum okkar fulltrúa í hópi ræðumanna og vinnustofustýringar.

Eitt sem kom glögglega fram hjá fjölda fyrirlesara og það er að hlutir eins og trúfrelsi og tjáningarfrelsi, sem við teljum vera sjálfsöggð mannréttindi, eiga því miður undir högg að sækja í hinum stóra heimi og er full ástæða til að vera á tánum og halda áfram okkar hugsjónarstarfi.

### Heimsókn til Human-Etisk Forbund

Þann 2. nóvember 2023 lögðu framkvæmdastjóri og verkefnastjóri athafna land undir fót og heimsóttu systursamtök okkar í Noregi, Human-Etisk Forbund (HEF). Markmiðið með heimsókninni var að kynnast nánar starfsemi félagsins, bæði innri skipulagi og þeirri þjónustu sem þau veita. Þá fengu fulltrúar Siðmenntar kynningu á stefnu samtakanna næstu árin og þeim skrefum sem þau hyggjast taka til að komast þangað.



*Ugla Stefanía fjallaði  
um húmanisma og  
hinseginleikann á  
heimsþinginu.*

## Ungmennaskipti til Þýskalands

Veturinn 2022 hafði skrifstofa JuHu, Young Humanists Berlin, samband við skrifstofu Siðmenntar og lýsti yfir áhuga sínum á að fá íslensk ungmenni í heimsókn til sín. Um var að ræða ungmennaskipti sem er verkefni styrkt af Erasmus+. Siðmennt stökk á tækifærið enda spennandi verkefnið snéri að sjálfsákvörðunarrétti ungs fólks og var yfirskriftin á verkefninu Sexual self-determination - feminism without borders. Farið var vikuna 28. okt - 4. nóv með 5 hressa einstaklinga á aldrinum 16-20 ára og var Kolbrún Ósk Pétursdóttir fararstjóri.

**Virk þátttaka full-  
trúa Siðmenntar á  
Heimsþingi  
húmanista**

**Ráðgjafahópur  
verkefnastjórnar:**  
Inga Auðbjörg K. Straumland

**Fyrirlesarar:**  
Katrín Oddsdóttir  
Ugla Stefanía  
Kristjónudóttir Jónsdóttir  
Hulda Þórisdóttir  
Brynhildur Björnsdóttir

**Lóðsun:**  
Inga Auðbjörg K. Straumland  
Kolbrún Ósk Pétursdóttir

**Fyrirlesarar á þjálfunardegi  
EHP:**  
Bæring Jón B. Guðmundsson  
Kristrún Ýr Einarsdóttir







Svipmyndir af heimsþingi Húmanista  
Kaupmannahöfn // ágúst 2023







*Húmanistar frá fjölmörgum löndum  
sameinuðust í Kaupmannahöfn í  
ágúst. Heimspingið var skipulagt af  
norrænum húmanistafélögum, og var  
Siðmennt því einn af skipuleggjendum  
viðburðarins. Darlene Field frá  
Barbados fjallaði um kvenréttindi og  
húmanisma á málþingi sem skipulagt  
var af Siðmennt.*



# Viðburðir á árinu

## Siðmenntarþing

Siðmenntarþing var haldið í annað sinn laugardaginn 18. mars í tengslum við aðalfund félagsins. Boðið var upp á svokallað Dauðakaffi um morguninn, þar sem þátttakendur fengu frjálst rými til að ræða saman um dauðann í litlum hópum. Eftir hádegisverð fór fram málþingið Afhelgun dauðans þar sem fjallað var um það hvernig dauðinn, og umgjörðin um hann, verður sífellt veraldlegri. Frummælendur voru Hjalti Hugason, guðfræðingur, Tinna Jóhannsdóttir, verkefnastjóri athafnaþjónustu, Inga Auðbjörg K. Straumland, formaður Siðmenntar og mæðgurnar Guðrún Katrín Bryndísardóttir og Agla Arnars Katrínardóttir, sem fjölluðu um persónulega lífsreynslu sína. Þá fór í hönd aðalfundur Siðmenntar og um kvöldið fór fram árshátíð félagsins.

## Þingsetningarathöfn

Árleg þingsetningarathöfn Siðmenntar fór fram þingsetningardaginn 12. september kl. 11:45 - 12:45. Siðmennt bauð forseta Íslands, ráðherrum og þingfulltrúum til húmanískrar þingsetningarathafnar í hádeginu þriðjudaginn 12. september vegna setningar Alþingis. Athöfnin fór fram í sal Iðnó þar sem jafnframt var boðið upp á ljúffenga vegan súpu.

Inga Straumland formaður Siðmenntar hélt stutt ávarp og stýrði fundinum, Brynhildur Björnsdóttir athafnastjóri hjá Siðmennt flutti hugvekju og lag, og Atli Þór Fanndal frá Íslandsdeild Transparency International fjallaði um heilindi löggjafarvaldsins. Þær Anna Bergljót Böðvarsdóttir og Gunnur Arndís Halldórsdóttir héldu uppi notalegri stemningu með léttum tónlistarflutningi.

## Vísindaferð heimspekinema

Fimmtudaginn 19. október kom fríður hópur af gallvöskum heimspekinemum í heimsókn á skrifstofu Siðmenntar og fengu



*Þingfulltrúar og starfsfólk þeirra  
sóttu þingsetningarathöfn  
Siðmenntar í lönnó.*

kynningu á starfsemi félagsins auk þess sem Kolbrún Ósk Pétursdóttir stýrði skemmtilegum húmanískum leikjum.

## Efast á kránni

Síðustu ár hefur Siðmennt staðið fyrir viðburðunum Efast á kránni þar sem húmanistar koma saman til að hlýða á fyrirlestur og skeggræða. Viðburðurinn hefur ekki verið haldinn í töluverðan tíma en sneri aftur 23. nóvember þegar húmanistar komu saman á Petersen svítunni til að hlýða á Huldu Þórisdóttur prófessor við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands. Fjallaði Hulda um einkenni samsæriskenninga, útbreiðslu þeirra og hvað vitað er um ástæður þess að fólk aðhyllist samsæriskenningar. Viðburðurinn var vel sóttur og gaman að koma saman aftur.

## Vetrarsólstöðuhátíð

Á vetrarsólstöðum fögnuðum við hækandi sól með hátíð á Petersen svítunni þar sem félagsfólki var boðið að líta við í happy hour, hugvekju og hugljúfa hljóma. Athafnastjórnarnir Inga Auðbjörg Straumland og Bjarni Snæbjörnsson fluttu fjögur lög við undirleik Jökuls Jónssonar. Þá flutti Bragi Páll Sigurðsson athafnastjóri hugvekju sem minnti okkur á mikilvægi þess að sýna samkennd, nota röddina okkar til að halda áfram að berjast fyrir mannréttindum allra í heiminum og þó að tímarnir séu oft erfiðir þá megum við líka gleðjast. Eins og Bragi sagði svo vel „það að finna til með náunganum er það allra fallegasta sem við getum gert“.





The image shows three men in suits sitting at a table in a restaurant. The man on the left has a beard and is wearing a dark suit with a red tie. The man in the middle has glasses and is wearing a brown suit with a brown tie. The man on the right is wearing a blue plaid suit jacket. They are all looking towards the camera. In the foreground, a person's hand is holding a smartphone, partially obscuring the view. The background shows a restaurant setting with white tablecloths, blue chairs, and other people in the distance.

# Baráttan fyrir veraldlegu samfélagi



*Þingfulltrúar hlýddu á þingsetningarhugveki í Iðnó*

## Samstarf innanlands

### Samráðsvettvangur trúar- og lífsskoðunarfélaga

Siðmennt tók sem áður þátt í Samráðsvettvangi trúar- og lífsskoðunarfélaga. Tilgangur Siðmenntar með þátttöku í þessum óformlegu samtökum er annars vegar hagsmunagæsla gagnvart ríkinu hvað varðar skráningu í félögin og greiðslu sóknargjaldanna og hins vegar að fylgja fram mannréttinda- og trúfrelsisstefnu félagsins.

Meðal viðburða á vegum samráðsvettvangsins á árinu voru annars vegar heimsókn fulltrúa til Forseta Íslands á Bessastaði og málstofa í húsakynnum Háskóla Íslands þar sem meðal annars var rætt um útfararathafnir. Þá bauð biskup Íslands samráðsvettvanginum í kvöldverð í biskupssetrinu á Bergstaðarstræti.

Velflest skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög á Íslandi eiga hér fulltrúa og hefur fundarstjóri á fundum vettvangsins síðustu missera verið úr röðum kaþólikka. Fulltrúar Siðmenntar árið 2023 voru Mörður Árnason og Eyjólfur Örn Snjólfsson.

### Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma

KGRP eru sjálfseignarstofnun safnaðanna í Reykjavík, Kópavogi og Seltjarnarnesbæ. Stjórn Kirkjugarðanna er skipuð einum fulltrúa frá hverjum söfnuði sem hefur 1500 eða fleiri einstaklinga sem eru 16 ára eða eldri. Stjórnin kys þriggja manna framkvæmdastjórn, sem starfar náið með forstjóra, er annast allan daglegan rekstur. Fulltrúi

Siðmenntar í stjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastdæma árið 2023 var Sigurður Rúnarsson og þar er hann einn af tuttugu og fjórum fulltrúum kirkjusókna og lífsskoðunarfélaga. Fundað er tvisvar á ári eða eftir því sem þörf krefur.

### Mannréttindaskrifstofa Íslands

Siðmennt tók einnig þátt í fundum Mannréttindaskrifstofu Íslands, fulltrúi Siðmenntar árið 2023 var Kristín Helga Schiöth. Tilgangur þátttöku Siðmenntar í starfi MRSÍ er að styðja við starfið sem þar fer fram, fylgjast með mannréttindamálum sem eru aðkallandi og að hafa augun opin fyrir þingmálum sem ástæða er til að Siðmennt skrifi umsagnir við.

## Sameiginlegar yfirlýsingar

[Yfirlýsing vegna nýrra útlendingalaga](#)

[Yfirlýsing vegna stríðsátaka á landsvæðum Ísraels og Palestínu](#)

## Umsagnir

Siðmennt einsetur sér að senda inn umsagnir við frumvörp og þingsályktunartillögur sem varða starfsemi Siðmenntar, veraldlegt samfélag, mannréttindi og kjarnagildi félagsins.

- [Umsögn Siðmenntar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 \(kristinfræðikennsla\).](#)
- [Umsögn um frumvarp til laga um kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla \(reikningshald Kirkjugarðasjóðs o.fl.\), 316. mál. \(endursend\).](#)



# Siðmennt í fjölmiðlum

Fulltrúar félagsins létu að sér kveða í opinberri umræðu, auk þess að mæta í viðtöl á ýmsum miðlum.

Greinaskrif

[10 ár - Grein eftir Ingu Auðbjörgu K. Straumland, formann Siðmenntar.](#)

Útvarpsviðtöl

[Viðtal við formann Siðmenntar](#)

[Hoppað í hnapphelduna](#)

[Viðtal við Kolbein Tuma, athafnastjóra.](#)

[Hlaðvarpsviðtal við Helgu Einarsdóttur, athafnastjóra](#)

Blaðaviðtöl

[Viðtal við Erlu Sigurlaugu, athafnastjóra](#)

[Viðtal við formann vegna aukins eftirlits með trúfélögum.](#)

Fréttir

[Hoppað í hnapphelduna](#)



# Fjármál





# Fjármál

## Fjárframlög frá ríkinu

Fjárhagslegur rekstrargrundvöllur Siðmenntar styrkist frá ári til árs eftir því sem félögum fjölgar og hlutdeild félagsins í sóknargjöldum ríkisins stækkar. Sóknargjöld ársins 2023 voru 67.359.152 en voru 54.637.200 árið 2022 til samanburðar.

Fjárhagslega staða félagsins er jákvæð og var óráðstafað eigið fé í lok árs 13,4 milljónir. Viðsnúningur varð af rekstri þar sem hagnaður af rekstri var rúmlega 7,8 milljónir samanborið við tap af svipaðri stærðargráður árið á undan.

## Aðrar tekjur

Stærsti einstaki tekjuliður félagsins, að sóknargjöldum undanskildum, eru gjöld fyrir borgaralega fermingu, og voru tekjur af henni tæpar 40 milljónir síðastliðið ár. Á móti kemur umtalsverður kostnaður. Alls nam kostnaður vegna borgaralegra ferminga árið 2023 34,1 m.kr. en þegar tekið er tillit til launakostnaðar skrifstofu vegna ferminga er ljóst að félagið greiðir með þjónustunni. Af þessu má sjá að ef sóknargjalda nyti ekki við þyrfti að gera umtalsverðar breytingar á fyrirkomulagi borgaralegra ferminga, bæði á gjaldskrá og skipulagi vinnu sem unnin er af starfsfólki félagsins.

Góður kippur upp á við varð í athafnaþjónustu, þá sérstaklega giftingum. Erlendum giftingum hefur fjölgað hratt á ný en félagið greiðir þó enn töluvert með athafnaþjónustunni, enda njóta félagar ríflegra afsláttarkjara af sínum athöfnum.

Alls voru tekjur ársins 142 m.kr. samanborið við 109 m.kr. árið áður. Skýrist þessi vöxtur fyrst og fremst annars vegar af hækkun sóknargjalda og auknum tekjum af athafnaþjónustu hins vegar. Helstu kostnaðarliðir

Stærsti kostnaðarliður ársins eru laun og launatengd gjöld eða 42,3 m.kr., samanborið við 38,3 m.kr. árið áður. Skýrist þessi hækkun af kostnaði vegna mikilla breytinga í starfsmannamálum. Gjöld vegna athafnaþjónustu voru rúmlega 39 milljónir og höfðu þau hækkað um ríflega 6 milljónir á milli ára. Gjöld vegna vegna borgaralegra ferminga voru rúmlega 34 milljónir. Gjöld sem falla undir annan rekstrarkostnað hækkuðu lítillega á milli ára eða úr 17,3 milljónir í 18,3 milljónir.

## Góðgerðarmál

Alls voru greiddar kr. 577.997 í gjafir og styrki á árinu. Hæsti styrkurinn var húmanistaverðlaunin sem veitt voru á aðalfundi.

## Ársreikningar

Bókhaldsfyrirtækið Pálsson og co tók við bókhaldsþjónustu Siðmenntar 2019, og hefur nú unnið ársreikning félagsins í fimmta sinn. Fylgir hann hér á eftir.

Helstu niðurstöður eru að tekjur ársins voru í heild 141.708.578 kr., en gjöld 134.086.328 kr. Þegar fjármagnsgjöld eru reiknuð inn í hagnað ársins nemur hann 7.798.996 kr., samanborið við -7.542.221 kr. árið 2022. Rekstur félagsins er í góðu jafnvægi sem hefur verið gert mögulegt með því að grípa til ýmissa ráðstafana til hagræðingar auk þess sem kostnaðarsömum viðburðum var ýmist sleppt eða voru minnkaðir í sniðum.



# Áritun endurskoðanda

## Til stjórnar og hluthafa í Siðmennt

Ég hef aðstoðað við gerð ársreiknings Siðmenntar fyrir árið 2023 byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar.

Ég hef skipulagt og hagað vinnu minni í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410 sem fjallar um aðstoð við gerð ársreiknings.

Ég hef notað faglega þekkingu mína á sviði reikningsskila og ársreikningsagerðar til að aðstoða fyrirtækið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Ég hef fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög um ársreikninga.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Ársreikningurinn og þær upplýsingar sem honum fylgja, þar á meðal nákvæmni og heild undirliggjandi gagna, er á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra fyrirtækisins.

Þar sem aðstoð við gerð ársreikningsins er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist að ég staðfesti nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veiti ég hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 07. mars 2024

---

Sigurður S. Pálsson

Löggiltur endurskoðandi

# Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Aðalstarfsemi félagsins er rekstur lífskoðunarfélags. Fjöldi ársverka voru fjögur.


Rekstrartekjur félagsins námu 141,7 millj. kr. á árinu 2023 (2022: 109,3 millj. kr.) og hækkuðu því um 32,4 millj. kr. milli ára eða um 29,67%. Hagnaður félagsins á árinu 2023 nam 7,8 millj. kr. (2022 Tap: 7,5 millj. kr.).

Eigjð fé félagsins nam 21,2 millj. kr. í árslok (árslok 2022: 13,4 millj. kr.) að meðtöldu hlutafé að nafnverði 0 þús. kr. (2022: 0 þús. kr.). Í árslok var eiginfjárhlutfall félagsins 39,19% (2022: 29,63%).

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Siðmenntar að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Siðmenntar staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, 07. mars 2024

  
Inga Auðbjörg K. Straumland  
Formaður



## Rekstrarreikningur

Rekstrartekjur	Skýring	2023	2022
Félagsgjöld	5.	68.531.392	56.427.200
Tekjur af borgaralegri ferminu	6.	39.723.469	34.331.706
Aðrar tekjur	7.	33.453.717	18.528.590
<b>Rekstrartekjur samtals</b>		<b>141.708.578</b>	<b>109.287.496</b>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Borgaraleg ferminu	8.	34.104.054	28.578.818
Aðrar athafnir	11.	39.393.329	32.924.760
Laun og launatengd gjöld	9.	42.323.389	38.253.162
Annar rekstrarkostnaður	10.	18.265.556	17.287.805
<b>Rekstrargjöld samtals</b>		<b>134.086.328</b>	<b>117.044.545</b>
<b>Rekstrarhagnaður (-tap)</b>		<b>7.622.250</b>	<b>-7.757.049</b>
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Vaxtatekjur		424.975	344.703
Vaxtagjöld		-248.229	-129.875
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals</b>		<b>176.746</b>	<b>214.828</b>
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>		<b>7.798.996</b>	<b>-7.542.221</b>

## Efnahagsreikningur

### Eignir

Fastafjármunir	Skýring	2023	2022
Varanlegir rekstrarfjármunir	3.	10.618.302	10.618.302
Viðskiptavild		496.000	496.000
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>11.114.302</b>	<b>11.114.302</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur		23.321.587	1.123.707
Aðrar skammtímakröfur		93.495	94.551
Verðbréfaeign		0	2.015.699
Handbært fé		19.604.485	30.937.025
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<b>43.019.567</b>	<b>34.170.982</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>54.133.869</b>	<b>45.285.284</b>



# 31. desember 2023

## Eigið fé og skuldir

Eigið fé		2023	2022
	4.		
Afkoma ársins		7.798.996	-7.542.221
Óráðstafað eigið fé (ójafnað tap)		13.416.163	20.958.384
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>21.215.159</b>	<b>13.416.163</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir		1.020.591	975.098
Fyrirframinnheimtar tekjur		30.341.842	29.032.768
Ógreitt v. starfsmanna	12.	1.204.017	1.532.151
Aðrar skammtímaskuldir		352.260	329.104
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<b>32.918.710</b>	<b>31.869.121</b>
<b>Skuldir samtals</b>		<b>32.918.710</b>	<b>31.869.121</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>54.133.869</b>	<b>45.285.284</b>

## Skýringar

### 1. Upplýsingar um félagið

Siðmennt er lífsskoðunarfélag. Lögheimili félagsins er að Laugarvegi 178, 105 Reykjavík.

### 2. Reikningsskilaaðferðir

#### a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum. Stjórnendur félagsins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að fyrirtækið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

#### b. Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

#### 2. Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til félagsins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Tekjur eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds að frádregnum afsláttum og sköttum.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

#### 3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisryrnun ef hún er til staðar. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu. Hrakvirði, nýtingartími og afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar við lok hvers reikningsárs.

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Áhöld og tæki	Hugbúnaður	Samtals
Stofnverð 1/1	1.499.588	9.118.714	10.618.302
Bókfært verð 31/12	1.499.588	9.118.714	10.618.302
Stofnverð alls 31/12	1.499.588	9.118.714	10.618.302
Bókfært verð 31/12	1.499.588	9.118.714	10.618.302

#### 4. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1/1	13.416.163	13.416.163
Afkoma ársins	7.798.996	7.798.996
Eigið fé 31/12	21.215.159	21.215.159



# Sundurliðanir

## 5. Félagsgjöld

Félagsgjöld innheimt af ríkissjóð	67.359.152	54.637.200
Félagsgjöld önnur	1.172.240	1.790.000

<b>2023</b>	<b>2022</b>
-------------	-------------

68.531.392	56.427.200
------------	------------

## 6. Tekjur af borgaralegri ferminu

Borgaraleg ferminu	39.723.469	34.331.706
--------------------	------------	------------

39.723.469	34.331.706
------------	------------

## 7. Aðrar tekjur

Gifting	25.564.668	12.925.148
Nafngjöld	3.754.049	2.931.802
Akstur og fl. útselt	2.295.000	2.671.640
Útför	1.840.000	0

33.453.717	18.528.590
------------	------------

## 8. Borgaraleg ferminu

Húsaleiga v. athöfn BF	5.115.355	5.266.929
Húsaleiga v. námskeið BF	6.556.155	2.656.000
Skírteini og dagskrár BF	290.158	686.216
Ferminuáskjal BF	460.000	790.000
Kynningarefni og auglýsingar BF	333.000	181.784
Fræðsla BF	16.170.756	12.774.225
Kennsluráð og þjálfun BF	180.900	1.674.729
Ræðumaður BF	668.000	600.450
Ljósmyndari BF	356.200	280.000
Tónlist BF	462.406	496.176
Æfingastjórnun BF	0	144.000
Akstur BF	865.696	744.414
Skreyting á sal BF	54.297	495.983
Annað v. BF	1.800.371	1.405.096
Búnaður v. BF	0	122.816
BF Rekstrarkostnaður	790.760	0
	0	260.000

34.104.054	28.578.818
------------	------------

**Hagnaður / (tap) af borgaralegri ferminu [\*]**

<b>5.619.415</b>	<b>5.752.888</b>
------------------	------------------

## 9. Laun og launatengd gjöld

Laun	33.144.258	29.842.792
Bírfreiðarstyrkur	25.058	186.468
Dagpeningar	431.278	208.480
Tryggingagjald	2.381.916	2.148.427
Mótframlag í lífeyrissjóð	3.678.238	3.338.238
Mótframlag í séreignarsjóð	662.886	548.391
Félags- og aðildargjöld	600.786	618.206
Námskeið og þjálfun starfsmanna	16.430	68.675
Annar starfsmannakostnaður	1.106.267	735.485
Kostnaður vegna ráðninga	276.272	558.000

42.323.389	38.253.162
------------	------------

## 10. Annar rekstrarkostnaður

### Rekstur áhaldna og tækja

Tölvu- og símabúnaður	366.290	125.414
Áhöld og skrifstofuvörur	144.672	498.363
Rekstur tölvukerfis án vsk	1.405.818	794.874
Hugbúnaður án vsk	1.397.616	616.339
	3.314.396	2.034.990

### Skrifstofukostnaður

Síma og Internetkostnaður	1.035.185	895.732
Húsaleiga	2.744.854	3.753.843
Burðargjald	0	7.643
Auglýsingar	474.125	159.748
Pappír, prentun og ritföng	80.939	163.314
Vefsíða	39.520	396.878
Breyting á póstpjón	577.902	0
Vísindaferðir og kynningarfundir	0	84.873
Ýmis kostnaður bifv.	4.950	3.049
Annar kostn.	35.728	55.885
Annar húsnæðiskostn.	56.375	30.123
Rekstrarvörur og smááhöld	261.593	157.553
	5.311.171	5.708.641

### Ráðstefnur, erlent samstarf og annar tengdur kostnaður

Ráðstefnur og málþing	1.008.237	1.361.421
Kynningastarf - Hnapphelda	282.105	610.568
Ráðstefna Glasgow	0	805.895
Þingsetningarathöfn	435.500	641.947
Vetrarsólstöðuhátíð	50.000	0
Erlent samstarf	43.530	1.303.170
Þátttaka í erlendu samstarfi (aðildargj)	296.815	355.933
Heimspjóning í Kaupmannahöfn	2.497.916	0
Sumarhátíð	0	130.107
	4.614.103	5.209.041

### Aðkeypt þjónusta

Bókhald og reikningsskil	1.097.182	413.910
Ársreikningur og tilf. kostn.	959.760	596.754
Aðkeypt afleysing skrifstofu	0	1.005.925
Aðkeyptur akstur sendi- og leigubifreiða	0	62.050
Aðkeypt sérfræðiaðstoð	620.000	60.000
	<u>2.676.942</u>	<u>2.138.639</u>

### Stjórnun og umsýsla

Athafnastjórar - aðrar athafnir	75.000	31.685
Símenntun athafnastjóra	473.548	238.800
Funda og viðskiptakostnaður án vsk	6.741	0
Kaffikostnaður skrifstofu	573.788	331.314
Aðalfundir & Siðmenntarþing	574.312	49.000
Þjóðskrá v. innh. félagsgjalda	47.358	104.415
Útvarpsgjald	20.200	18.800
	<u>1.770.947</u>	<u>774.014</u>

### Gjafir og styrkir

Landssamtökin Þroskahjálp	0	500.000
Unicef	25.000	55.000
Pepp grasrót fólks í fátækt	0	100.000
Humanist International	0	177.480
Humanista viðurkenning	335.190	100.000
Hinsegin dagar	0	70.000
Þátttaka í erlendu samstarfi (styrkur)	177.427	0
Aðrar gjafir og styrkir	40.380	420.000
	<u>577.997</u>	<u>1.422.480</u>

### Samtals annar rekstrarkostnaður

18.265.556 17.287.805

### 11. Athafnaþjónusta

Akstur Gifting	8.387.606	5.411.247
Annað v. Gifting	105.866	230.600
Athafnastjórar Gifting	21.647.000	17.418.870
Rekstrarkostnaður Gifting	296.384	0
Rekstrarkostnaður Nafngjöf	118.800	0
Akstur - Nafngjöf	136.376	147.960
Athafnastjórar Nafngjöf	4.861.040	2.694.858
Skírteiniskostnaður útför	0	1.359
Akstur útför	95.831	77.940
Skreyting á sal útför	18.140	0
Annað v. útför	0	806.780
Athafnastjórar útför	1.012.000	1.108.600
Fatastyrkur athafnastjóra	100.000	25.000
Óskilgreindar athafnir	319.826	0
Athafnastjórar v. BF	1.934.600	1.825.920
Athafnastjórar handleiðsla	359.860	3.175.626
	<u>39.393.329</u>	<u>32.924.760</u>

### Niðurstaða úr athöfnum [\*]:

Hagnaður / (tap) af giftingum	-4.872.188	-10.135.569
Hagnaður / (tap) af nafngjöf	-1.362.167	88.984
Hagnaður / (tap) af útförum	714.029	-1.994.679
Hagnaður / (tap) af öðrum athöfnum	-419.286	-641.664
Hagnaður / (tap) athafnaþjónustu	<u>-5.939.612</u>	<u>-12.682.928</u>

### 12. Skammtímaskuldir

Ógreiddur lífeyrissjóður	520.210	1.074.519
Ógreidd staðgreiðsla og tryggingagjald	683.807	457.632
	<u>1.204.017</u>	<u>1.532.151</u>

[\*] án tillits til launakostnaðar fastráðinna starfsmanna





Siõmennt